



Svar við skriflegri fyrirspurn (E4/2024) um umönnunargreiðslur ef umönnunaraðili og sjúklingur eru ekki báðir tryggðir í Svíþjóð

Stjórnsýsluhindranahópur Norðurlandaráðs beindi hinn 6. febrúar 2024 tveimur spurningum til ríkisstjórnarinnar um stjórnsýsluhindrun að því er varðar aðstandendagreiðslur þegar umönnunaraðili og sjúklingur eru ekki báðir tryggðir í Svíþjóð. Spurningarnar eru svohljóðandi:

1. Hvenær reiknar ráðherra með því að þessi stjórnsýsluhindrun verði afgreidd sem afskrifuð samkvæmt ofangreindri skilgreiningu?
2. Getur ráðherrann gefið stjórnsýsluhindranahópi Norðurlandaráðs uppfærðar upplýsingar um framgang vinnunnar að þessari stjórnsýsluhindrun frá árinu 2016?

Eins og sænska ríkisstjórnin hefur áður lýst yfir er mikill vilji til að leysa stjórnsýsluhindranir innan Norðurlanda. Í stjórnsýsluhindruninni kemur fram að lausnin felist í því að Svíþjóð breyti lögum sínum þannig að sjúklingar þurfi ekki lengur að vera tryggðir í Svíþjóð. Slík breyting myndi ná til umtalsvert fleiri en aðeins Norðurlandabúa. Ekki er talið mögulegt að víkka gildissviðið til að ná til norrænu landanna án þess að slíkt næði einnig til ættingja alls staðar í ESB/EES og Sviss, sem gerir þetta að töluvert stærra máli.

Sænskar aðstandendagreiðslur eru í dag rausnarlegar bæði að því er varðar hver getur talist aðstandandi og upphæðir og tímabil greiðslna. Í dag geta aðstandendagreiðslur verið veittar aðstandanda í 100 daga og þær geta einnig verið veittar þegar sjúklingurinn er vistaður á sjúkrahúsi.

Eftirlitsstofnun almannatrygginga gerði nýlega athugun á bótunum (ISF 2023:14) og komst að þeirri niðurstöðu að vissir erfiðleikar séu til staðar bæði í umsóknarferlinu og mati á bótarétti. Ef til útflutnings aðstandendagreiðsla kæmi yrðu þessar áskoranir að öllum líkindum meiri og erfiðara yrði um vik með eftirlit.

Í ljósi ofangreinds telur ríkisstjórnin að afskrifa skuli stjórnsýsluhindrunina.

Hvað varðar vinnuferlið fól ríkisstjórnin sérstökum rannsóknaraðila þann 17. júní 2014 að endurskoða tryggingaskilyrði sænska almannatryggingakerfisins og beitingu þeirra út frá nýjum aðstæðum sem hnattvæðingin hefur skapað í lagalegu samhengi Evrópusambandsins og alþjóðlegu samhengi. Markmiðið var að skapa skýrt, sjálfbært og aðgengilegt regluverk um tryggingarétt, sem skapar góðar forsendur fyrir hreyfanleika fólks milli landa og skilvirka stjórnsýslu með réttaröryggi. Rannsóknin skoðaði málefni aðstandendagreiðslna og niðurstaðan var að óljóst sé samkvæmt reglunum hvort einstaklingur sem er tryggður í Svíþjóð geti fengið bætur fyrir umönnun sjúklings aðstandanda sem ekki er hluti af sænska almannatryggingakerfinu og umönnunin fer fram innan ESB/EES. Hins vegar lagði rannsakandinn ekki fram tillögu að lausn á þessu máli. Þar sem rannsakandinn lagði ekki fram neina tillögu um aðstandendagreiðslur hefur ekkert umbótastarf átt sér stað í kjölfarið.

Til ríkisstjórnar Svíþjóðar

Anna Tenje

Öldrunar- og tryggingamálaráðherra

Stokkhólmi, 26. mars 2024